

**574. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
19. janúar 2022 og hófst hann kl. 10:10.**

Fundinn sátu:

Póra Marý Arnórsdóttir formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður og Björgvin Hilmarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Dýpkun Sundahafnar og uppdæling efnis. - 2019060026

Með bréfi frá 20. desember 2021, óskar Orkustofnun eftir umsögn Ísafjarðarbæjar, vegna umsóknar Hafna Ísafjarðarbæjar um efnistöku utan netalaga í Skutulsfirði, vegna framkvæmda tengdum lengingu Sundabakka í Ísafjarðarbæ.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir engar athugasemdir.

2. Aðalstræti 29, umsókn um byggingarleyfi - 2021010135

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 553 var málið tekið fyrir og var máli frestað þar sem ekki er hægt að sækja um byggingu frístundahúss á íbúðarhúsasvæði.

Sótt er um leyfi til að færa bílskur innar á lóð og bæta við viðbyggingu skv. teikningu. Til viðbótar við áður framlögð gögn eru:

Aðaluppdráttur frá Mannvit ehf. dags: 14.10.2021

Byggingarleyfisumsókn dags: 24.03.2021

Samþykki nággranna Aðalstrætis 25,26,29 og 31 fyrir breytingum.

Lagður er fram eldri uppdráttur til viðmiðunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna umrædd áform skv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir húseigendum Aðalstrætis 25, 26, 29 og 31.

3. Skólagata 8 á Suðureyri. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2021120065

Eigendur Skólagötu 8 á Suðureyri óska eftir breytingu á deiliskipulagi Suðureyriarmala, að byggingarmagn verði aukið á lóðinni með því að nýta rishæðir matshluta 01 og eykst fermetrafjöldinn þar um 88 m² og matshluta 02 þar sem fermetrafjöldinn eykst um 110 m². Heildargrunnflöturinn á lóðinni

sjálfri eykst ekki.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi skv. II. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

4. Hjallavegur 17 á Suðureyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021110045

Katrín Lilja Hraunfjörð sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir fasteignina L141331, að Hjallavegi 17, á Suðureyri. Fylgiskjöl eru mæliblað Tæknideildar frá 18 janúar 2022 og drög að samningi frá janúar 2022 ásamt minnisblaði um gerð mæliblaðs lóðar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hjallaveg 17, Suðureyri.

5. Sindragata 15, Ísafirði. Umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar - 2021100058

Sveinn Lyngmó sækir um byggingarleyfi fyrir hönd Skemma VÆ ehf. vegna 254,3 m² viðbyggingar úr stálgrind og 113,1 m² viðbyggingar úr límtré. Samtals 367,4 m².

Meðfylgjandi gögn eru byggingarleyfisumsókn, ódagsett, og aðaluppdrættir frá Tæknipjónustu Vestfjarða, vottaðir af brunahönnuði Eflu dags. 20.09.2021.

Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar erindinu.

6. Hafnarstræti 1 á Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021120082

Lífeyrissjóður Verzlunarmanna eigandi fasteignarinnar við Hafnarstræti 1 á Þingeyri, sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi. Fylgiskjöl eru mæliblað Tæknideildar frá 18 janúar 2022 og drög að samningi frá janúar 2022.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hafnarstræti 1 á Þingeyri.

7. Brekkugata 22, Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021120090

Bragi Þór Haraldsson f.h. dánarbús Þórdísar Jónsdóttur, sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Brekkugötu 22 á Þingeyri. Fylgiskjöl eru mæliblað Tæknideildar frá 18 janúar 2022 og drög að samningi frá janúar 2022 ásamt minnisblaði vegna lóðarstærðar Brekkugötu 22.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Brekkugötu 22 á Þingeyri.

8. Ártunga 6, Ísafirði. Umsókn um lóð undir einbýlishús - 2021120089

Kristján Rafn Guðmundsson og Íris Rut Jóhannesdóttir, sækja um lóðina við Ártungu 6 á Ísafirði skv. rafrænni umsókn sem barst 24. desember 2021.

Fylgigagn er mæliblað Tæknideildar frá 10. júní 2021.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Kristján Rafn Guðmundsson og Íris Rut Jóhannesdóttir fái lóðina við Ártungu 6, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

9. Góustaðir við Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi - 2019100003

Gauti Geirsson óskar eftir að byggingaráform við Sunnuholt 5 á Ísafirði verði grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum í samræmi við I. mrg. 44. gr. skipulagslaga.

Meðfylgjandi fylgigögn eru erindisbréf umsækjanda og uppdráttir og afstöðumynd.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna umrædd áform skv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir húseigendum Sunnuholt 3, 4 og 6.

10. Góustaðir við Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi - 2019100003

Gauti Geirsson sækir um stofnun lóðar í landi Góustaða undir fyrirhugað einbýlishús, Sunnuholt 5. Fylgigögn eru samþykki eigenda Góustaða dags 3. janúar 2022 og lóðarblað dags. 13. janúar 2022.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar út úr landi Góustaða í samræmi við umsókn.

12. Fyrirspurn um lóðir frá Skeið ehf. - 2022010052

Lagt fram bréf Garðars Sigurgeirssonar, f.h. Skeiðs ehf. og Vestfirskra verktaka ehf., dags. 12. janúar 2022, þar sem hann óskar eftir sex lóðum á Ísafirði fyrir byggingu fjölbýlishúsa, þ.e. 40-50 íbúðir. Sótt er um lóð við Hafnarstræti 15 og 17 (sameinaðar), Pollgötu 2, Pollgötu 6, lóð að horni Suðurgötu og Njarðarsunds, og lóð að horni Mjósunds og Aðalstrætis.

Á 1183. fundi bæjarráðs, þann 17. janúar 2022, var málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið og óskar eftir fundi með umsóknaraðila.

13. Fyrirspurn um atvinnulóð á Sundabakka - 2022010067

Kristján Daðason, f.h. Northlight Seafood ehf., óskar eftir ótilgreindri lóð við Sundabakka á Ísafirði undir kræklingavinnslu.

Nefndin bendir á að engar lóðir eru lausar til úthlutunar á umræddu svæði og fyrirspyrjanda er bent á að fylgjast með lóðum í auglýsingu á lóðalista sveitarfélagsins.

14. Engjavegur 7, 400. Umsókn um byggingarleyfi -dyr og verönd - 2020080018

Lagður fram úrskurður nefndar í umhverfis- og auðlindamálum.

Lagt fram.

15. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Umræður um aðalskipulagsvinnuna framundan.

Umræður fóru fram um stöðu mála við vinnslu á aðalskipulaginu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

Þóra Marý Arnórsdóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Björgvin Hilmarsson

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir